

REGLUGERÐ

fyrir Vatnsveitu Stöðvarhrepps.

1. gr.

Hreppsnefnd Stöðvarhrepps hefur einkaleyfi til reksturs vatnsveitu og sölu vatns á svæði því, er vatnsveitan nær yfir, og einnig til hafnarinnar á Stöðvarfirði.

2. gr.

Hreppsnefnd fer með yfirstjórn vatnsveitunnar. Hreppsnefnd og oddviti annast allar framkvæmdir, er vatnsveituna varða, svo og viðhald hennar og umsjá alla.

3. gr.

Hreppsnefnd lætur leggja vatnsæðar svo víða um kaupúnið, sem fært þykir og þörf krefur, svo að húseigendur eigi greiðan aðgang að þeim við veg, götu eða annað almenningssvæði, er lóðir þeirra liggja að eða eru í námunda við.

Frá vatnsæðum veitunnar má enginn leggja vatnsæðar nema með leyfi hreppsnefndar Stöðvarhrepps.

Allar vatnsæðar frá vatnsveituæðum að húsi og í því eru eign húseiganda, og ber hann kostnað af lögnum þeirra og viðhaldi.

Vatnsveitan getur ákveðið, að heimæðar eða hluti þeirra skuli lagður af starfsmönnum hennar, en á kostnað húseiganda.

Að jafnaði fær hvert hús leyfi fyrir einni heimæð. Óski húseigandi eftir fleiri heimæðum, ber honum að sækja sérstaklega um það til vatnsveitunnar. Óheimilt er að tengja saman húsæðakerfi við tvær eða fleiri heimæðar.

4. gr.

Hver sá, er húseign á við veg eða götu, sem vatnsæð liggur í, á rétt á að fá tengda vatnsæð frá henni á eigin kostnað við húsið, enda sé það reist með samþykki byggingarnefndar og vatnið ætlað til heimilisþarfa.

Vatnsnot til annarra þarfa skulu að jafnaði leyfð með nánari fyrirætlum og skilyrðum, er vatnsveitan setur hverju sinni.

Vélar og önnur tæki, þau er nota vatn, önnur en heimilistæki, má ekki tengja við hús- eða heimæðar nema að fengnu leyfi vatnsveitunnar. Einnig getur vatnsveitan fyrirskipað breytingar á eldri tækjum og vélum, ef nauðsyn krefur.

Réttur húseiganda til vatnsnota skuldbindur ekki vatnsveituna til þess að tryggja, að þrýstingur í götuæðum sé ávallt nægjanlegur.

Ef sýnt þykir að götuæðar þær, sem fyrir eru, geti eigi séð atvinnufyrirtæki eða öðrum, sem óskar eftir vatni til annarra þarfa en heimilis, fyrir nægjanlegu vatni, er vatnsveitunni heimilt að láta notanda greiða allt að helmingi kostnaðar við nauðsynlegar úrbætur eftir úrskurði vatnsveitunnar.

Vatnsveitan getur einnig ákveðið að þeir notendur, sem síðar bætast við, beri hluta stofnkostnaðar við lögnina.

Vatnsveitan hefur eignarrétt og viðhaldsskyldur á dreifiaðum, enda þótt húseigendur hafi í upphafi borið að einhverju leyti þann kostnað er af lögninni leiddi, nema öðruvísi hafi verið um samið.

5. gr.

Sá, er óskar eftir að leggja vatnsveituæð að húsi sínu, leggja nýlagnir, gera breytingar á eða viðbætur við eldri vatnslagnir, skal með nægum fyrirvara fá til þess leyfi hjá vatnsveitunni.

Með umsókninni fylgi uppdráttur af vatnslögninni í tvíriti og eigi minni mæli-kvarða en 1:100.

Uppdrátturinn skal gerður af þar til hæfum manni.

Uppdrátturinn skal sýna gerð og stærð allra vatnsæða, loka og krana, bæði utan-húss og innan. Á afstöðunni skal sýnd og málsett lega heimæðar frá húsvegg að tengistað við vatnsveitueð. Gert skal ráð fyrir vatnsmæli á óskiptri húsæð, og skal honum afmarkaður staður á uppdrætti. Áltí vatnsveitan nauðsyn á, að gerðir séu nánari uppdrættir eða séruppdrættir, skulu þeir látnir í té.

Ef uppdrættir eru ekki til af gömlum vatnslögnum, sem breyta á, getur vatns-veitan krafist þess, að þeir séu gerðir, og ber húseigandi allan kostnað af því.

Ef vatnsveitan samþykkir uppdrátt, skal á hann færð áritun um það.

Uppdráttur áritaður af vatnsveitunni skal ávallt vera á vinnustað. Með áritun tekur vatnsveitan enga ábyrgð á því, að hægt sé að framkvæma verkið vegna leiðslna eða annars, sem kann að vera því til fyrirstöðu.

6. gr.

Vatnsveitan skal hafa eftirlit með því, að nýlagnir séu í samræmi við samþykktan uppdrátt og samþykkt þessa.

Engar vatnsæðar má hylja fyrr en þær hafa verið viðurkenndar af vatnsveitunni.

Vatnsveitan hefur rétt til þess að láta þrýstiprófa vatnslagnir á kostnað hús-eigenda, og sé það gert, skal pípulagningarmeistari sá, er ábyrgð ber á verkinu, vera viðstaddur og aðstoða starfsmenn vatnsveitunnar við prófunina.

Áltí eftirlitsmaður vatnsveitunnar, að verk sé eigi framkvæmt samkvæmt ákvæð-um samþykktar þessarar eða öðrum reglum, er settar kunna að verða, getur hann stöðvað verkið, þar til bætt hefur verið úr því, sem áfátt kann að vera.

7. gr.

Vatnsveitan getur ákveðið, að fleiri en eitt hús séu tengd sömu heimæð, og gefur þá fyrirmæli um vídd og legu æðarinnar. Hún getur ákveðið, hvernig skipt skuli kostnaði við slíkar framkvæmdir, ef aðilar verða ekki ásáttir um slíkt.

Óski húseigandi að tengja við gamla heimæð, skal fá leyfi til þess bæði hjá eiganda heimæðarinnar og vatnsveitunni.

Því aðeins er heimilt að tengja heimæðar við hús, að þau séu fokheld og upp-hituð.

Húseiganda ber skylda til að halda við vatnslögnum sínum á eigin kostnað og láta gera við leka, þegar er hans verður vart. Þótt leka hafi ekki orðið vart, getur vatnsveitan, ef hún telur brýna þörf á, lagt fyrir húseiganda að endurnýja vatnslagnir sínar að nokkru eða öllu leyti. Hann skal sérstaklega gæta þess, að ekki frjósi í æðunum.

Vanræki húseigandi viðhald á vatnslögnum sínum, er vatnsveitunni heimilt að annast viðgerð á kostnað hans.

Enginn má eyða vatni að óþörfu.

8. gr.

Hreppsnefnd og/eða umsjónarmanni hennar er heimilt að fara um hús manna, þar sem vatnsæðar liggja, til þess að athuga þær og tæki þau, er sett eru í samband við þær. Ef þeim þykir útbúnaði ábótavant, skal tafarlaust bæta úr því á kostnað húseiganda.

9. gr.

Heimilt er hreppsnefnd að loka vatnsæðum fyrir þeim, sem vanrækja að láta gera við bilanir á pípum eða tækjum, eyða vatni að óþörfu eða greiða ekki vatns-skatt á réttum gjalddaga. Fullan vatnsskatt ber einnig að greiða fyrir þann tíma,

sem vatnsæðar eru lokaðar af þessum sökum. Hreppsnefnd getur fyrirskipað takmörkun á vatnsnotkun, sé skortur á vatni. Þá getur hún og lokað fyrir vatnið, þegar þörf krefur vegna hreinsunar eða annarra framkvæmda við vatnsveituna, enda sé það tilkynnt áður, sé þess nokkur kostur.

10. gr.

Til að standa straum af kostnaði við vatnsveituna skal innheimta vatnsskatt af fasteignum.

Álagningarstofn vatnsskattsins skal vera heildarmat hveirrar fasteignar, þ. e. mat mannvirkja og lóðar skv. lögum um fasteignamat og fasteignaskráningu nr. 28 29. apríl 1963.

Af öllum fasteignum í Stöðvarhreppi, sem nota vatn, skal greiða árlega vatnsskatt, er nemi 0.4% af fasteignamati húsa og lóða eins og það er á hverjum tíma. Lágmarksgjald fyrir íbúð skal vera kr. 2 500.00 — tvö þúsund og fimm hundruð —. Séu fleiri en ein íbúð í sama húsi, skal greiða árlega kr. 2 500.00 — tvö þúsund og fimm hundruð af hverri íbúð, sem búið er í umfram eina í húsi.

Sé ekkert mannvirki á lóð, greiðist ekki vatnsskattur.

Nú er fasteign, sem greiða ber af vatnsskatt, eigi virt fasteignamatsvirðingu, og skal þá greiða vatnsskatt samkvæmt samþykktum uppdráttum. Þó skal aldrei reikna vatnsskatt af húsi það ár, sem bygging þess hefst.

11. gr.

Hreppsnefnd er heimilt að setja upp vatnsmæla hjá þeim fyrirtækjum og einstaklingum, sem nota mikið vatn. Skal þá greiða kr. 8.00 — átta krónur — af rúm-metra auk þess vatnsskatts, sem um getur í 10. gr.

Hreppsnefnd sér um uppsetningu og útvegum mælanna.

12. gr.

Fyrir vatn til skipa og báta greiðast kr. 80.00 — áttatíu krónur — fyrir smálest. Minnsta gjald skal þó vera kr. 500.00 — fimm hundruð krónur —, fyrir fiskiskip og kr. 1 000.00 — eitt þúsund krónur — fyrir önnur skip. Þá skal hreppsnefnd heimilt að setja fast árgjald fyrir neysluvatn til skipa og báta, sem gerðir eru út frá Stöðvarfirði.

Hreppsnefnd er heimilt að ákveða, að hafnarsjóður Stöðvarfjarðar greiði vatnsveitunni eftir mæli eða ákveðna upphæð á ári í vatnsskatt eftir nánari ákvörðun hreppsnefndar, enda hafi höfnin allar tekjur af vatnssölu þeirri, er fram fer við höfnina, að undanskildum framleiðslugjöldum sjávarafurða.

13. gr.

Skip, sem vatnsveitan hefur afhent vatn, má ekki, að viðlögðum sektum, fara úr höfninni fyrr en vatnið er greitt nema gjaldfrestur hafi verið veittur.

14. gr.

Framtalin gjöld skv. 11. og 12. gr. eru miðuð við byggingavísitölu 105 stig, og breytast einu sinni á ári til samræmis við byggingavísitöluna eins og hún er hverju sinni. Þó má hækkan ekki nema meira en 50% án samþykkis ráðuneytis.

15. gr.

Reikningsár vatnsveitunnar er almanaksárið, og annast oddviti reikningshaldið, innheimtu og greiðslur. Reikningar vatnsveitunnar skulu endurskoðaðir af endurskoðendum hreppsreikninga og fylgja hreppsreikningum ár hvert.

Gjalddagi vatnsskatts er 15. janúar, og greiðist vatnsskatturinn í einu lagi fyrir líðandi ár. Vatnsskattur skv. 11. gr. fellur í gjalddaga 1. júlí og 31. desember eftir á eða þegar verksmiðjurekstur hættir ár hvert.

Húseigandi ber ábyrgð á greiðslu vatnsskatts vegna húss síns. Eigandi fyrir-tækis ber ábyrgð á greiðslu vatnsskatts vegna atvinnurekstrar síns. Útgerðarmaður skips og skipstjóri bera ábyrgð á greiðslu vatnsskatts til skipa. Vatnsskattinn má taka lögtaki, og er hann tryggður með lögveði í eignum næstu 2 ár eftir gjalddaga með forgangsveði fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði án tillits til eigendaskipta.

16. gr.

Bannað er að taka vatn úr brunahönum, sem á vatnsveitunni eru eða kunna að verða settir síðar. Óheimilt er að setja hreyfivélar í samband við hana nema með leyfi hreppsnefndar eða þess aðila, sem hreppsnefnd hefur falið slökkvistarf í kaup-túninu.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Stöðvarhrepps, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 15 20. júní 1923 til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 23. júlí 1976.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Skúli Sigurðsson.

SAMÞYKKT

um hundahald í Hólmavíkurbænum.

1. gr.

Hundahald er bannað í Hólmavíkurbænum.

2. gr.

Sveitarstjórn er heimilt að veita einstaklingum í kaup-túninu undanþágu til hundahalds með eftirfarandi skilyrðum:

- a) Hundurinn skal skráður á skrifstofu hreppsins og fær eigandi hundsins afhenta merkta plötu, sem jafnan skal vera í ól um háls hundsins.
- b) Árlega skal sveitarsjóði greitt leyfisgjald fyrir þá hunda, sem undanþága er veitt fyrir. Gjaldið sem hreppsnefnd ákveður fyrir eitt ár í senn, skal renna til þess að standa straum af kostnaði við eftirlit með þessum hundum og skal upphæðin við það miðuð.
- c) Skyld er hundeiganda að hafa hund sinn ábyrgðartryggðan hjá viðurkenndu váttryggingarfélagi. Við greiðslu árlegs leyfisgjalds skal leggja fram kvittun frá tryggingarfélaginu sem sýni að tryggingin sé í fullu gildi. Gjaldtagi leyfisgjaldsins er 1. júlí ár hvert.
- d) Hundurinn skal aldrei ganga laus á almannafæri, heldur vera í taumi í fylgd með aðila sem hefur fullt vald yfir honum. Eigi er leyfilegt að fara með hundinn inn í matvöruverslanir, fiskvinnsluhús, eða aðra staði, sem matvæli eru um hönd höfð.